

AUGLÝSING
um deiliskipulag Gunnarsgerðis, par- og raðhúsagötu
á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 13. mars 2008, deiliskipulag par- og raðhúsagötu á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra. Um er að ræða fjórar lóðir fyrir parhús og fimm lóðir fyrir raðhús, alls 23 íbúðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 25. júní 2008.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Rúnar Guðmundsson,
byggingar- og skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2008